

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 17. febrúar 2025

Mál nr. S-362/2024:

Lögrelustjórinn á Suðurlandi

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

Jóni Gunnþórssyni

(Gísli M. Auðbergsson lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Suðurlandi þann 26. júní 2024, á hendur Jóni Gunnþórssyni, [...]

I. fyrir brot gegn nálgunarbanni

með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins [sic] 27. júní 2022, farið inn á þáverandi heimili barnsmóður sinnar, A, með því að brjóta rúðu að húsnæðinu og fara þangað inn, þrátt fyrir að hafa með ákvörðun embættis lögrelustjórans á Suðurlandi frá 26. júní 2022, sem tók gildi þann sama dag, verið bannað að koma á eða í námunda við heimilið. (318-2022-xxxx)

Í ákæru er brotið talið varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. fyrir nytjastuld, umferðarlagabrot, brot gegn lögreglugum og þjófnað

með því að hafa, þriðjudaginn 26. júlí 2022, heimildarlaust tekið bifreiðina [...] þaðan sem hún stóð á bifreiðastæði við [...] á Selfossi og ekið henni sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóði mældist amfetamín 245 ng/ml, díazepam 96 ng/ml, metamfetamín 75 ng/ml, nordíazepam 74 ng/ml, oxazepam 660 ng/ml og tetrahýdrókannabinól 6,9 ng/ml) þaðan austur Norðurhóla, án þess að hlýða fyrirmælum lögreglu um að stöðva bifreiðina sem gefin voru til kynna með forgangsljósum lögreglubifreiðar, heldur haldið áfram akstri þvert yfir Erlurima, yfir grasflöt á milli Hrafnhóla og Sílatjarnar, á og við göngustíg í austurátt að Gráhellu og þaðan að Vallarlandi [...] þar sem ákærði stöðvaði loks bifreiðina og hljóp skamman spöl undan lögreglu uns hann var handtekinn. Ennfremur með því að hafa stolið úr bifreiðinni greiðslukorti og reiðufé að fjárhæð kr. 13.500 sem hvort tveggja fannst í fórum ákærða eftir handtöku hans umrætt sinn. (318-2022-xxxx)

Í ákæru eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, 6. mgr. 7. gr., 1. mgr. 17. gr., 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

III. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, föstudaginn 21. október 2022, ekið bifreiðinni [...] austur Suðurlandsveg við Fet í Rangárþingi ytra, sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 515 ng/ml). (318-2022-xxxx)

Eru brot samkvæmt ákæru talin varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

IV. fyrir tilraun til þjófnaðar, en til vara húsbrot og tilraun til þjófnaðar og nytjastuldar

með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 2. nóvember 2022, ruðst heimildarlaust inn inn [sic] um ólæstar dyr er leiddu að bílskúr að [...] á Selfossi, farið þangað inn og reynt að stela þaðan svörtum bifhjólavettlingum og bifhjólinu [...], samtals að verðmæti 800.000,- kr. en ákærði var íklæddur bifhjólavettlingunum og hafði fært bifhjólið út í dyragætt og ófrjálsri hendi og heimildarlaust reynt að gangsetja það en án árangurs þegar húsráðandi varð ákærða var, yfirbugaði og lögregla kom að. (318-2022-xxxxx)

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 1. mgr. 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 231. gr. og 1. mgr. 244. gr., sbr. 20. gr., og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

V. fyrir húsbrot

með því að hafa, miðvikudaginn 30. nóvember 2022, ruðst heimildarlaust inn í húsnæði Litlu kaffistofunnar við Suðurlandsveg í Sveitarfélaginu Ölfusi, með því að spenna upp og fara inn um glugga á suður hlið húsnæðisins. (318-2022-xxxxxx)

Í ákæru telst brot ákærða varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI. fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot

með því að hafa, fimmtudaginn 22. desember 2022, tekið bifreiðina [...], sem stóð við Bílaleigu Akureyrar að Njarðargötu í Reykjavík, ófrjálsri hendi og í heimildarleysi ekið bifreiðinni, sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóði mældist klónazepam 19 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 2,3 ng/ml) um götur höfuðborgarsvæðisins og þaðan um Suðurlandsveg áleiðis á Selfoss, á Suðurlandsvegi í Hveradalabrekku í Sveitarfélaginu Ölfusi, án sérstakrar aðgæslu og nægjanlegs hliðarbils við framúrakstur, ekið utan í bifreiðina [...] með þeim afleiðingum að vinstri hliðarspegill brotnaði af bifreiðinni [...] og eigi sinnst skyldu vegfaranda við umferðaróhappið, heldur ekið áfram um Suðurlandsveg uns ákærði

loks stöðvaði bifreiðina eftir merkjagjöf lögreglu, við Biskupstungnabraut í Sveitarfélaginu Árborg. (318-2022-xxxxx)

Samkvæmt ákæru teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 14. gr., 2. og 3. mgr. 23. gr., 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/ 2019, sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

VII. fyrir eignaspjöll og fíkniefnalagabrot

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 1. janúar 2023, brotið rúðu við hlið útidyrhurðar íbúðar [...] að [...] á Selfossi. Ennfremur með því að hafa haft í vörslum sínum í tösku 6,02 g af amfetamíni og 0,28 g af kókaíni, sem lögregla fann við leit í kjölfar handtöku ákærða umrætt sinn. (318-2023-xxxx)

Samkvæmt ákæru telst brot ákærða varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Enn fremur við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

VIII. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, fimmtudaginn 5. janúar 2023, ekið bifreiðinni [...] norður Nýbýlaveg og þaðan vestur Valahjalla í Kópavogi, sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 15 ng/ml). (007-2023-xxx)

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

IX. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, mánudaginn 29. maí 2023, ekið bifreiðinni [...] suður Elliðavatnsveg og þaðan vestur Kaldárselsveg í Hafnarfirði, sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóði mældist amfetamín 620 ng/ml, etizólám 9,0 ng/ml, klónazepam 4,6 ng/ml og tetrahydrókannabínól 1,0 ng/ml). (007-2023-xxxxx)

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ennfremur til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum: 6,02 g af amfetamíni og 0,28 g af kókaíni, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 50683, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Í ákæru eru tilgreindar svofelldar einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliðar II. gerir B, kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur að fjárhæð kr. 315.547 ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 26. júlí 2022, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Vegna ákæruliðar IV. gerir C, kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 458.388 ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. nóvember 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá gera C, D, og þau sömu f.h. E, F og G, kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim, hverju fyrir sig miskabætur að fjárhæð kr. 800.000 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá birtingu bótakröfu til greiðsludags. Allt framangreint auk lögmannskostnaðar við að koma bótakröfu á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi verði ekki orðið við kröfu um skipun réttargæslumanns.

Vegna ákæruliðar VII. gerir H um að ákærði verði dæmdur til að greiða félaginu skaðabætur að fjárhæð kr. 50.000 auk aksturs.

Málið var þingfest 19. september 2024.

Ákærði jatar sök að hluta. Ákærði gengst við nytjastuldi, akstri sviptur ökurétti og akstri undir áhrifum, líkt og lýst er í ákærulið II, auk þess sem hann gengst við því að hafa tekið greiðslukort úr bifreiðinni [...] Ákærði gengst að fullu við háttsemi þeirri er lýst er í ákærulið III. Þá gengst ákærði við nytjastuldi, akstri sviptur ökurétti og akstri undir áhrifum, líkt og lýst er í ákærulið VI. Þá gengst ákærði við vörslum fíkniefna líkt og lýst er í ákærulið VII. Loks gengst ákærði að fullu við þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum VIII og IX. Að öðru leyti neitar ákærði sök. Þá hafnar ákærði framkomnum bótakröfum.

Aðalmeðferð fór fram dagana 7. og 8. janúar 2024 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er krafist frávísunar á ákærulið IV og V en til vara sýknu, og að öðru leyti sýknu af öllum kröfum ákæruvalds hvað varðar þau sakarefni sem ákærði gengst

ekki við, en verði ekki á sýknu fallist verði ákærða gerð vægasta refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða og að sakarkostnaður greiðist að hluta úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Af hálfu bótakrefjenda eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir. Við þingfestingu málsins var bótakröfu H., vegna ákæruliðar VII, vísað frá dómi.

II.

Málavextir

Ákæruliður I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri 28. júlí 2022, barst lögreglu tilkynning vegna hávaða og mögulegs húsbrots aðfaranótt mánudagsins 27. júní 2022. Er lögregla mætti á vettvang að [...], hafi vitnin I og J tjáð lögreglu að þau hefði vaknað við mikinn umgang og óhljóð frá næstu íbúð, [...] og meðal annars heyrt rúðu brotna. Kvaðst I hafa séð grannvaxinn mann, klæddan í gráa úlpu með dökka prjónaða húfu fara út að aftan og reyna að komast á brott á rafmagnshlaupahjóli. Í skýrslunni segir að lögreglumenn hafi séð brotna rúðu aftan á húsinu í hjónaherbergi og fyrir neðan hana hafi legið hamar. Lögreglumenn hafi gengið inn í húsið en þar hafi enginn verið. Þá kemur fram í skýrslunni að lögreglumenn hafi í kjölfarið ekið um bæinn en ekki haft uppi á meintum geranda.

Meðal gagna málsins liggur ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann samkvæmt lögum nr. 85/2011, þar sem ákærða er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola í sex mánuði frá birtingu ákvörðunarinnar að telja. Kemur þar fram að lagt sé bann við því að hann komi að eða sé við [...], á svæði sem afmarkast af 50 metrum frá miðju hússins, jafnframt því sem honum er bannað að veita brotþola eftirför, heimsækja hana eða nálgast á almannafæri eða setja sig í samband við hana með öðrum hætti. Kemur þar og fram að ákvörðunin hafi verið birt ákærða skömmu eftir hádegi þann 26. júní 2022. Þá liggur fyrir úrskurður Landsréttar dagsettur 12. júlí 2022 í máli réttarins nr. xxx/2022, þar sem ákvörðun lögreglustjóra er staðfest, en henni hafði verið hafnað með úrskurði héraðsdóms þann 4. júlí 2022.

Þann 28. júní 2022 var skýrsla tekin hjá lögreglu af brotþola, A. Kvaðst brotþoli hafa verið í samskiptum við ákærða vegna rúðubrots á heimili hennar. Aðspurð kvað brotþoli ákærða ekki hafa tjáð sér að hann hefði brotist inn til hennar. Brotþoli lagði þá fram kæru á hendur ákærða vegna framangreinds. Kvað hún ákærða hafa brotið rúðu í glugga í svefnherberginu að heimili hennar að [...].

Þann 30. júní 2022 mætti ákærði til skýrslutöku hjá lögreglu. Kom þar fram að ákærði hefði talið sér heimilt að fara að [...] að sækja dótið sitt. Tók hann sérstaklega fram að hann hefði verið langt frá brotþola og ekki verið að reyna að ná í hana. Hins vegar hefði hann viljað nálgast eigur sínar. Kvað ákærði fót hans hafa verið í ruslapoka fyrir utan húsið en hafa skemmst þar sem rignt hafi á þau. Kom og fram af hálfu ákærða að hann hefði farið að [...] eftir að hann losnaði úr haldi lögreglu „á sunnudaginn síðastliðinn.“ Kvaðst ákærði hafa orðið brjáláður og misst stjórn á sér þegar hann hafi séð fötin sín úti í rigningunni en kvaðst ekki muna hvað hafi gerst eftir það. Kvaðst ákærði þó hafa farið inn í [...], og það í gegnum rúðu, sem hann kvaðst hafa brotið. Kvaðst hann þó hafa farið strax daginn eftir og talað við leigusalann sem hafi farið og lagað rúðuna.

Þann 23. mars 2023 mætti brotþoli aftur til skýrslutöku hjá lögreglu og kom þar fram að hún færi ekki fram á að sakamál yrði höfðað á hendur ákærða vegna framangreindra brota.

Ákæruliður II

Ákærði hefur að hluta játað sök samkvæmt ákærulið II og vísast um málavexti er varðar nytjastuld, akstur sviptur ökurétti, akstur undir áhrifum til ákæru og varðandi greiðslukort sem ákærði tók úr bifreiðinni [...]

Í frumskýrslu lögreglu dagsettri 26. júlí 2022 kemur meðal annars fram að lögreglu hafi borist tilkynning um stolna bifreið. Hafi lögreglumenn svipast um eftir bifreiðinni, fundið hana og veitt eftirför er endaði við Vallarland [...], þar sem ökumaður hafi lagt á flótta á fæti. Hafi lögreglumenn fundið ákærða í bakgarði milli húsa í Hólatjörn og Grundartjörn og hann handtekinn. Á ákærða hafi þá meðal annars fundist greiðslukort í eigu brotþola sem og 13.500 krónur í reiðufé. Í frumskýrslu er að finna frásögn vitnisins K þar sem hann kvaðst hafa séð bifreið vera ekið í gegnum garðinn austan við Vallarland [...], þar

sem hún hafi stöðvast og ökumaður hlaupið í norður að Grundartjörn og Hólatjörn. Þá er þar og að finna frásögn vitnanna L og M, sem báðir kváðust hafa séð bifreið aka yfir leiksvæði við Gráhellu. Þá er og að finna í frumskýrslu framburð brotaþola, B, þar sem hún meðal annars kveður hafa verið reiðufé í bifreiðinni að fjárhæð um 12-13.500 krónur, hafi það verið einn fimm þúsund króna seðill, nokkrir þúsund króna seðlar og mögulega fimm hundruð króna seðill. Þá hafi hún kveðið bifreiðina hafa verið tjónaða eftir atvikið, vinstra framdekk hafi verið sprungið og ákoma á felgunni. Þá hafi festingar á undirvagni verið brotnar.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglumanns 2027, sem veitti hinni stolnu eftirför. Kemur þar fram að lögregla hafi orðið hinnar stolnu bifreiðar vör þar sem henni var ekið austur Norðurhóla. Hafi lögregla gefið ökumanni merki með forgangsljósum lögreglu-bifreiðar um að stöðva akstur. Ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki orðið við því og lögreglumenn þá hafið eftirför. Ökumaður hinnar stolnu bifreiðar hafi þá aukið hraðann, ekið þvert yfir Erlurima og áfram inn á grasflöt á milli Hrafnhóla og Sílatjarnar. Hafi ökumaður hinnar stolnu bifreiðar ekið á og við göngustíg sem liggja þar austur í átt að Gráhellu, framhjá leikvelli og þaðan inn í Gráhellu. Hafi ökumaðurinn þar ekið inn botnlanga við Gráhellu 53-70 en lögregla þar misst sjónar á bifreiðinni. Er lögregla ók inn botnlangann hafi þau séð hvar hin stolna bifreið var kyrrstæð norðvestan við Vallarland [...]. Þá hafi mátt sjá hjólför í grasinu frá botnlanga Gráhellu í gegnum garð Vallarlands [...] og að hinni stolnu bifreið. Ökumaður hinnar stolnu bifreiðar hafi þó hvergi verið sjáanlegur er lögreglu bar að.

Þann 26. júlí 2022 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu. Kom þar fram að ákærði hefði verið að þvælast um á vespunni sinni, en hún stoppað. Hafi hann ekki komið henni áfram og hann því haldið gangandi af stað er hann kom að umræddri bifreið. Hafi bifreiðin verið opin, með kveikjuláslykla í kveikjulásnum og í gangi. Hafi hann því talið sig hafa haft leyfi til að taka bifreiðina og ekið út eftir götunni. Hann hafi ekið um og meðal annars stöðvað í Gagnheiði. Taldi hann að hann hefði verið með bifreiðina í sínum umráðum í um klukkutíma en eingöngu ekið henni í um fimm mínútur. Kvaðst ákærði ekki hafa séð lögreglu gefa stöðvunarmerki, en taldi sig þó vita að svo hefði verið. Aðspurður um hvers vegna hann hefði stöðvað bifreiðina kvaðst ákærði ekki hafa mátt fara lengra, annars hefði hann brotið gegn nálgunarbanni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa verið að hlaupa undan

lögreglu, honum finnst gott að hlaupa. Þá hafi hann ekki verið að fela sig, heldur hvíla sig eftir hlaupin. Þó kvað ákærði það vera innstillt í sig að hlaupa þegar hann sæi lögregluna. Ákærði neitaði því að hafa ekið utan í en kvaðst hafa lent í því að reka bifreiðina upp undir þegar hann hafi verið að beygja út úr götunni þar sem bifreiðin var tekin. Hann hafi þó litið undir bifreiðina og ekki séð neitt að henni. Þá kvað ákærði greiðslukort sem hann hafði undir höndum við handtöku vera úr bifreiðinni, en peningana ætti hann sjálfur.

Samkvæmt munaskýrslu lögreglu fundust á ákærða við handtöku peningaseðlar, einn 5.000 króna seðill, átta 1.000 króna seðlar og einn 500 króna seðill.

Meðal gagna málsins er mynddiskur sem inniheldur myndskaið úr lögreglubifreið xxx, sem veitti ákærða eftirför umrætt sinn. Má þar meðal annars sjá er lögregla mætir hinni stolnu bifreið á Norðurhólum við Sunnulækjarskóla og lögreglubifreið er snúið við. Þá má sjá hvar hinni stolnu bifreið er ekið við og á göngustíg sem liggur frá Erlurima áleiðis að Gráhellu, en bifreiðin hverfur fljótt sjónum. Má þar og sjá för eftir bifreið við og á umræddum göngustíg allt þar til lögreglubifreið stöðvar við inni í enda á botnlanga í Gráhellu líkt og áður er lýst. Ber umrætt myndskaið einnig með sér að forgangsljós lögreglubifreiðarinnar hafi verið ræst er lögregla mætti hinni stolnu bifreið.

Ákæruliður III

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærulið III og vísast um málavexti til ákæruskjals.

Ákæruliður IV

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, dagsettri 2. nóvember 2022, barst lögreglu árla þann morgun tilkynning um innbrot að [...]. Er lögreglu bar að garði voru tveir menn með ákærða í lögreglutökum á jörðinni fyrir utan [...]. Hafi ákærði umsvifalaust verið færður í handjárn og handtekinn.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglumanns 2233 sem kom á vettvang. Kemur þar fram frásögn brotþola, C húsráðanda að [...], er kvaðst hafa vaknað við mótórhjólahljóð frá bílskúrnum sínum. Kvaðst hann hafa stokkið á fætur og farið inn í bílskúrinn, en

innangengt sé í bílskúrinn úr húsinu, og séð ákærða standa við mótorhjólíð [...]. Hafi ákærði verið að reyna að koma því í gang í bílskúrgættinni og gert sig líklegan til að aka af stað. Hafi ákærði reynt að hlaupa í burtu en brotapolí hlaupið á eftir honum inn götuna til norðurs. Hafi brotapolí náð ákærða á móts við [...], tekið hann í lögreglutök og hringt eftir aðstoð lögreglu. Þá kvað brotapolí nágranna sinn hafa komið út og aðstoðað hann. Kvaðst brotapolí telja að ákærði hefði farið inn í húsið um útidyr á bílskúr en sú hurð ætti til að kviklæsast. Þá kemur fram í skýrslunni að er brotapolí hafi reist mótorhjólíð við hafi komið í ljós skemmdir á vinstri hlið hjólsins. Sjáanlegar ákomur hafi verið á geymsluhólfi, við sætið og á vélarkúpu.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu þann 2. nóvember 2022. Kom þar fram að hann hafi verið sendur í [...] af N og aðila sem kallaður væri [...], sem hefðu sagt ákærða að þar væri að finna mótorhjól sem hann gæti nálgast. Kvaðst ákærði hafa farið inn um útidyrhurð á bílskúr og opnað bílskúrshurðina. Hann hafi sest á hjólíð og sett á sig hanska sem á því voru. Hann hafi síðan sett hjólíð í gang en húsráðandi þá birst í bílskúrnum. Kvaðst ákærði hafa talið að húsráðandi myndi ráðast að honum og hann því farið af hjólinu en ekki náð að setja standarann niður og hjólíð því fallið á hliðina. Kvaðst ákærði hafa reynt að hlaupa af vettvangi en húsráðandi tæklað hann og lamið hann. Kvað ákærði húsráðanda hafa beitt sig einhverskonar lögreglutökum og harðræði. Þá kvaðst ákærði ekki hafa ætlað að taka hjólíð, hann hefði bara verið að skoða það og hanskana. Þá kvaðst ákærði reiðubúin til að bæta tjón er varð á hjólinu er það féll á hliðina, svo lengi sem bótakrafan væri ekki óraunhæf.

Ákæruliður V

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri 30. nóvember 2022 barst lögreglu tilkynning aðfaranótt þess dags um yfirstandandi innbrot í Litlu-Kaffistofuna við Suðurlandsveg. Er lögreglumenn bar að hafi vitnið O öryggisvörður tekið á móti þeim og vísað á ákærða sem vitnið kvað hafa verið á vettvangi er hann bar að. Hafi ákærði verið drafandi í tali, sljór, hvítur í munnvikum og sjáöldur hans samandregin. Í skýrslunni er haft eftir framangreindu vitni að boð hafi borist um innbrot klukkan 03:46, er þrír hreyfiskynjarar innandyra hafi farið í gang. Hafi vitnið mætt á vettvang klukkan 04:02 og hafi ákærði þá komið að öryggisverðinum og beðið um „start“, þar sem bifreið hans væri rafmagnslaus. Kvað vitnið ákærða hafa tjáð honum að hann hefði brotið rúðuna til þess að fá aðstoð.

Þá var og samkvæmt skýrslunni rætt við vitnið P, sem kvaðst ekki taka eftir neinu sem gæti hafa horfið. Utandyra hafi mátt sjá hvar búíð var að spenna upp glugga og skera á öryggisgrind í glugganum. Einnig hafi mátt sjá skófar á borði undir glugganum sem passað hafi við skó ákærða.

Þann 30. nóvember 2022 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst ákærði hafa komið sem farþegi í bifreið að Litlu Kaffistofunni. Hafi ákærði verið þar í um þrjár klukkustundir og gefist upp á að reyna að fá aðstoð og ákveðið að setja þjófavarnarkerfið í gang. Hann hafi því átt við gluggann sem hafi brotnað við það en ekki rúðan sjálf. Þá hafi hann farið inn, kerfið farið í gang og aðstoð borist.

Þá liggja meðal gagna málsins ljósmyndir af vettvangi meðal annars af glugga sem spennur hefur verið upp. Einnig liggja meðal gagna málsins skjáskot af myndbandsupptökum eftirlitsmyndavélar á vettvangi, hvar sjá má ákærða opna gluggann og eiga við hann.

Ákæruliður VI

Ákærði hefur að hluta játað sök samkvæmt ákærulið VI og vísast um málavexti er varðar nytjastuld, akstur sviptur ökurétti og akstur undir áhrifum til ákæruskjals.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri 22. desember 2022 barst lögreglu tilkynning um árekstur og afstungu á Hellisheiði. Hafi starfsmaður á fjarskiptamiðstöð verið með tilkynnanda í símanum og fengið beina útsendingu í myndstreymi frá akstri bifreiðar [...] sem sýnilega hafi verið rásandi á veginum. Hafi lögregla farið á móts við bifreiðina. Hafi lögregla stöðvað akstur umræddrar bifreiðar við hringtorg á Suðurlandsvegi á móts við Biskupstungnabraut. Hafi ákærði verið þar á ferð. Í skýrslunni kemur fram að lítið sjáanlegt tjón hafi verið á hlið bifreiðarinnar [...], sem lögregla hafi ljósmyndað. Þá er í skýrslunni haft eftir vitninu Q að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni [...] er kærasti hennar hafi ekið austur Suðurlandsveg. Er þau hafi verið í Skíðaskálabrekkunni hafi bifreiðinni [...] hafi verið ekið fram úr þeim á vinstri akrein í því að bifreiðin var aftur að fara yfir á hægri akrein hafi henni verið ekið utan í hliðarspegil bifreiðar þeirra. Kvað vitnið kærasta sinn hafa reynt að sveigja frá og þeytt bílflautuna en ökumaður hinnar bifreiðarinnar gefið í og stungið þau af. Kvað vitnið bifreiðina [...] hafa rásað mikið og

aksturslagið mjög hættulegt en þau hafi elt bifreiðina þangað til lögregla stöðvaði för hennar. Þá kemur fram í skýrslunni að lítið sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðinni [...], sjá hafi mátt litlar rispur á vinstri hlið bifreiðinni auk þess sem hliðarspegill hjá ökumannshurð hafi hangið á vírum.

Vitnið R, ökumaður [...] umrætt sinn, gaf símaskýrslu hjá lögreglu. Bar hann að bifreiðinni [...] hefði verið ekið fram úr bifreið vitnisins í Skíðaskálabrekkunni. Hafi bifreiðinni verið ekið utan í vinstri baksýnispegil bifreiðar vitnisins og ökumaður bifreiðarinnar í kjölfarið aukið hraðann. Kvaðst vitnið hafa fylgt bifreiðinni allt þar til lögregla stöðvaði för hennar. Kvað vitnið bifreiðina [...] hafa rásað mikið á veginum og tvívegis hafi legið við árekstri og einu sinni útafakstri vegna þessa.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 23. desember 2022. Kom meðal annars fram í framburði ákærða að hann hafnaði því að hafa ekið á aðra bifreið á leiðinni austur sem og því að einhver hafi flautað á hann á leiðinni. Þegar borinn var undir ákærða framburður tilkynnanda kvað hann þetta vera bull og ítrekaði að hann hefði ekki ekið á neinn.

Meðal gagna málsins eru myndir af bifreiðunum [...] og [...]. Má þar sjá annars vegar rispur ofarlega á hægri fram Bretti og á hægri framhurð bifreiðarinnar [...] og hins vegar hvar hliðarspegill hangir á vírum við vinstri framhurð bifreiðarinnar [...].

Ákæruliður VII

Ákærði hefur að hluta játað sök samkvæmt ákærulið VII og vísast um málavexti er varða vörslur fíkniefna til ákæruskjals.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri 1. janúar 2023, barst lögreglu tilkynning um að ákærði hefði brotið rúðu að [...] og verið í mjög annarlegu ástandi. Eftir samtali við tilkynnanda, S sem hvorki gerði refsí- né bótakröfu, hafi lögregla svipast um eftir ákærða, meðal annars við [...] þar sem kunnugt væri að hann venji komur sínar. Þegar lögreglu bar þar að hafi heyrst brothljóð og lögregla séð hvar rúða hafði verið brotin í útidyrakarmi á íbúð 202. Hafi lögreglumenn farið inn í íbúðina, sem stóð ólæst og þar hitt ákærða fyrir talsvert æstan. Hafi ákærði þá verið handtekinn grunaður um húsbrot.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 1. janúar 2023. Kvaðst hann ekki hafa brotist inn að [...], enda hafi hann dvalið þar síðastliðinn mánuð. Hvað rúðubrot þar varðaði kvað ákærði það hafa gerst óvart þegar hann hafi sparkað í skáphurð eftir að hann var kominn inn í íbúðina.

Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af vettvangi þar sem sjá má hina brotnu rúðu, bæði innan og utan frá og mynddiskur úr búkmyndavél.

Ákæruliður VIII

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærulið VIII og vísast þar um málavexti til ákæruskjals.

Ákæruliður IX

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærulið IX og vísast þar um málavexti til ákæruskjals.

III.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu auk ákærða, vitnin B, K, M, L, lögreglumaður nr. 2027, C, lögreglumaður nr. 2447, T, lögreglumaður nr. 1715, lögreglumaður nr. 2233, O, lögreglumaður nr. H1587, Q, A, J, I, lögreglumaður nr. 1110, lögreglumaður nr. 1916 og S. Vikið verður að framburði ákærða og vitna eftir því sem þýðingu hefur að mati dómsins.

Forsendur og niðurstöður

Ákæruliður I

Ákærða er í máli þessu meðal annars gefið að sök brot gegn nálgunarbanni þann 27. júní 2022 með því að hafa farið inn á heimili barnsmóður sinnar á meðan hann sætti nálgunarbanni líkt og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur neitað sök og borið því við að hann hafi ekki farið inn í húsið heldur eingöngu farið þar að til að sækja fötin sín, sem hafi verið þar í poka utandyra.

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að hann hefði skilið umrætt nálgunarband sem svo að hann hefði ekki mátt koma nálægt barnsmóður sinni og kvaðst hafa hann hafa vitað umrætt sinn að hún væri ekki heima. Á framangreindur framburður ákærða sér að vissu leyti stoð í framburði [...], sem bar fyrir dómi að hún hefði um kvöldmatarleyti farið með ákærða að heimili barnsmóður hans að sækja dótið hans, sem hefði verið í pokum þar fyrir utan. Kvað hún fötin hafa verið fyrir framan húsið en hún hafi ekki verið með ákærða er hann hafi verið „að sniglast“ bakvið húsið um eða uppúr miðnætti. Fyrir dómi kom ennfremur fram í framburði ákærða að umrædd rúða hefði verið „löngu brotin“ en hann vildi ekki tjá sig frekar um hver hefði brotið hana og kvað það ekki koma máli þessu við. Í framburði [...] fyrir dómi kom fram að hún vissi til þess að hann hefði brotið umrædda rúðu, enda hefði hún greitt fyrir tjónið fyrir hann. Hún kvaðst þó ekki sjálf hafa orðið vitni að atvikinu. Í framburðum nágranna barnsmóður ákærða fyrir dómi, kom fram að þau hefðu vaknað við læti frá næsta húsi og heyrt brothljóð. Þá hafi þau bæði séð mann fara af vettvangi er þau þekktu bæði sem ákærða, en þó tóku þau bæði fram að þau hefðu ekki séð framan í viðkomandi, heldur þekkt hann af holningu og klæðaburði. Loks ber að geta þess að í framburði sambýliskonu ákærða fyrir dómi kom fram að hann hefði ekki haft hennar heimild til að fara inn á heimili hennar umrætt sinn.

Eins og áður greinir liggur meðal gagna málsins ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarband, sem birt var ákærða og hann undirritaði skömmu eftir hádegi þann 26. júní 2022. Í ákvörðunarorði kemur meðal annars fram að lagt sé bann við því að ákærði komi að eða sé við [...] á Selfossi, á svæði sem afmarkast af 50 metra radíus mælt frá miðju hússins.

Að öllu framansögðu virtu er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi umrætt sinn gerst sekur um að hafa brotið gegn nálgunarbandi því er hann sætti gegn barnsmóður sinni líkt og greinir í ákæru, þó ósannað sé að hann hafi farið inn í húsið líkt og greinir í ákærinni og hann bar raunar sjálfur um hjá lögreglu, enda felur vera hans við heimili brotþola í sér fullframið brot gegn umræddu nálgunarbandi.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Með vísan til 2. málsliðar 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, breytir það engu um sekt ákærða hvað þennan ákærulið varðar, þó að tilgreining á vikudegi sé röng í ákæru, en samkvæmt gögnum málsins var 27. júní 2022 mánudagur, en ekki þriðjudagur, líkt og greinir í ákæru Er það mat dómsins að vörnum ákærða hafi ekki verið áfátt vegna þessa.

Ákæruliður II

Ákærða er í máli þessu einnig gefin að sök nytjastuldur, umferðarlagabrot, brot gegn lögreglulögum og þjófnaður með því að hafa þann 26. júlí 2002 tekið bifreiðina [...], ekið henni á og við göngustíg sviptur ökurétti og undir áhrifum lyfja og fíkniefna, án þess að virða fyrirmæli lögreglu og stolið úr bifreiðinni greiðslukorti og reiðufé, allt líkt og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur að neitað sök hvað varðar brot gegn lögreglulögum og þjófnað á umræddu reiðufé og borið því við að hann hafi ekki orðið lögreglu var fyrr en hann var handtekinn í „einhverjum garði“ auk þess hann hafi átt þá peninga sem fundust í fórum hans umrætt sinn. Þá hefur ákærði mótmælt bótakröfu brotáþola.

Ákærði hefur neitað því að hafa ekki orðið að fyrirmælum lögreglu umrætt sitt og borið því við að hann hafi ekki orðið lögreglu var. Meðal gagna málsins er myndband úr lögreglubifreið sem sýnir er lögregla mætir hinni stolnu bifreið er ákærði ók, sem og eftirför lögreglu á eftir bifreiðinni allt þar til lögregla missir sjónar af henni. Ber framangreint myndband með sér að lögregla hafi kveikt á forgangsakstursljósum lögreglubifreiðarinnar um leið og lögregla mætti bifreiðinni auk þess sem vitni hafa borið um að hafa heyrt sírenuvæl. Ennfremur ber aksturslag ákærða, sem sjá má á framangreindu myndskaiði, með sér að hann hafi verið að reyna að komast undan lögreglu er hann ók á og við gangstíg við leikvöll líkt og lýst er í ákæru.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlega vafa að ákærði hafi umrætt sinn gerst sekur um þau umferðarlagabrot sem lýst er í ákæru. Líkt og háttsemi ákærða er lýst í ákæru verður þó litið svo á að hún eigi undir ákvæði 6. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem gangi framur og hvar brot tæmi sök gagnvart 19. gr.

lögreglulaga nr. 90/1996, og ekki sé ástæða til að heimfæra brot ákærða undir bæði ákvæðin.

Hvað varðar ætlaðan þjófnað ákærða á reiðufé sem ákærði hefur neitað, bar ákærði fyrir dómi að hann hefði átt umrædda peninga og er sá framburður hans í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Fyrir dómi bar brotþoli að hún hefði umrætt sinn verið að keyra út matarbakka og stokkið inn í húsið að [...] í því skyni. Er hún hafi komið út aftur hafi bifreið hennar verið horfinn. Kvað vitnið að í bifreiðinni hefði meðal annars verið peningaveski vitnisins en í því hefði verið greiðslukort, nokkrir seðlar og eitthvað klink. Hafi vitnið gert grein fyrir því reiðufé sem var í seðlum hjá lögreglu og fengið það afhent í kjölfar handtöku ákærða. Er framburður brotþola hvað þetta varðar í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu eins langt og hann nær.

Hvað umrætt reiðufé varðar stendur orð gegn orði. Er það mat dómsins að framburður brotþola sé trúverðugri en framburður ákærða, enda hafi hún strax gert skilmerkilega grein fyrir þeim seðlum er hún kvað hafa verið í peningaveski sínu og var það í samræmi við það reiðufé sem ákærði hafði undir höndum er hann var handtekinn umrætt sinn. Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að hafi sé yfir skynsamlega vafa að ákærði hafi umrætt sinn gerst sekur um þjófnað á reiðufé líkt og lýst er í ákæru.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. lið ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða, að undanskildu því sem áður segir um heimfærslu til lögreglulaga. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Ákæruliður III

Með vísan til játningar ákærða telst sannað er að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið III og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákæruliður IV

Ákærða er í þessum lið ákæru gefin að sök tilraun til þjófnaðar, en til vara húsbrot og tilraun til þjófnaðar og nytjastuldar.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist að ákærulið IV, verði vísað frá dómi sökum vanhæfis lögreglustjóra til að rannsaka og fara með málið, vegna tengsla við brotþola, sem sé og hafi á umræddum tíma verið starfandi lögreglumaður við embættið.

Að mati dómsins verður ekki á það fallist að lögreglustjórinn á Suðurlandi og embætti hans hafi verið vanhæft til meðferðar máls þessa, þótt brotþoli sé starfandi innan þess, enda brýnt að tryggja rannsóknarhagsmuni auk þess sem ákærða er ekki í málinu gefið að sök brot gegn valdstjórninni eða háttsemi hans talin hafa beinst að brotþola sem lögreglumanni, samkvæmt lýsingu í ákæru. Verður ákærulið þessum því ekki vísað frá dómi á þeim grundvelli að lögreglustjóri hafi verið vanhæfur samkvæmt 3. mgr. 26. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 88/2008 til að fara með rannsókn málsins eða gefa út ákæru.

Ákærði hefur neitað sök hvað varðar framangreindan ákærulið og borið því við að hann hafi ekki haft ásetning til að stela umræddu mótörhjóli. Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa verið að þvælast þarna um en kvaðst aldrei hafa ætlað að stela umræddu hjóli. Kvaðst hann hafa „átt í stríði“ við brotþola og hafi ætlað að „rugla í honum.“ Aðspurður um hvað ákærði ætti við með því kvaðst ákærði ekki hafa ætlað sér neitt, hann hafi þekkt húsráðanda vegna starfa hans í lögreglunni, en sá hafi ítrekað haft afskipti af ákærða. Kvaðst ákærði hafa ætla að hefna sín á viðkomandi, en gat ekki gefið nánari skýringa á því í hverju sú hefnd ætti að felast. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa verið í neyslu og ruglaður og vissi ekkert hvað honum gekk til. Kvaðst ákærði hafa talið að brotþoli væri ekki heima en ítrekaði að hann hefði ekki haft ásetning til að stela neinu. Ítrekaði ákærði að hann hefði ekki tekið hjólið, bara snúið því við. Þá neitaði ákærði því að hann hefði tekið hjólið út úr bílskúrnum eða sett það í gang. Kvaðst hann hafa opnað tankinn og séð að ekki væri bensín á hjólinu, því væri ljóst að hann hafi ekki sett það í gang. Ljóst er að framburður ákærða fyrir dómi er verulega frábrugðin framburði hans hjá lögreglu, þar sem hann kvaðst hafa verið sendur að sækja hjólið upp í fíkniefnaskuld, auk þess sem hann bar þar um að hafa sett hjólið í gang. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu kvað ákærði það hafa verið bull.

Framburður brotþola fyrir dómi er í öllum meginatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið sofandi heima hjá sér er hann hafi vaknað upp við

óvenjuleg hljóð úr bílskúrnum. Hafi brotápoli farið í bílskúrinn og þar komið að manni að reyna að bíta við að koma mótórhjóli vitnisins, sem þar stóð, í gang en það gengið erfiðlega þar sem nokkra lagni þurfi við. Þá hafi bílskúrshurðin staðið opin. Kvaðst brotápoli hafa brugðið og öskrað á ákærða hvað hann væri að gera. Kvað brotápoli ákærða hafa brugðið, en þó haldið áfram að reyna að koma hjólinu út en fallið við er hann stóð í dyragættinni á bílskúrshurðinni þannig að hjólið hafi fallið á hliðina. Ákærði hafi þá hlaupið af stað. Brotápoli kvaðst hafa hlaupið á eftir ákærða á nærbuxunum einum klæða og náð honum á móts við [...]. Kvaðst brotápoli hafa tekið ákærða í lögreglutök, kallað á aðstoð og hafi nágranni brotápoli, sem sé fangavörður, aðstoðað vitnið við að koma ákærða í viðurkenndan lás og þeir haldið ákærða þannig þar til lögreglu bar að. Kvaðst brotápoli að þessu loknu, er ákærði var komin í hendur lögreglu, farið heim að kanna hvernig aðstæður væru og þá orðið þess áskynja að nokkuð tjón hafi orðið á hjólinu, ákoma hafi verið á annarri hlið hjólsins og hafi brotápoli látið meta það tjón. Aðspurður kvað brotápoli ákærða hafa fært hjólið á að giska eina hjólalengd að bílskúrshurðinni. Þá kvað brotápoli ákærða hafa verið búin að snúa kveikjulaslykli hjólsins sem og ræsa innspýtingu. Kvaðst brotápoli bæði hafa heyrt og séð ákærða reyna að koma hjólinu í gang. Loks kvaðst brotápoli ekki hafa þekkt viðkomandi og rak ekki minni til þess að hafa haft afskipti af ákærða fyrir þetta atvik. Kvaðst ákærði á umræddum tíma hafa verið tiltölulega nýkomin aftur til starfa hjá lögreglustjóranum á Suðurlandi eftir fjögurra ára starf hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Loks kvað brotápoli ákærða hafa umrætt sinn hafa borið því við að maður sem kallaður er N hafi sent ákærða til að stela hjólinu þar sem ákærði skuldaði N pening. Kvaðst brotápoli hafa haft umræddan N í höndunum á umræddum tíma. Þá kvað brotápoli mótórhjólið ekki hafa verið bensínlaust umrætt sinn. [...]

Framburður brotápoli fyrir dómi er, líkt og áður greinir, í meginatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu, sem og í samræmi við framburð ákærða hjá lögreglu. Þar að auki á framburður hans sér stoð í framburði nágranna hans, er bar fyrir dómi að hann hefði aðstoðað brotápoli er hann hafði ákærða í tókum fyrir utan hús hans umræddan morgun. Nágranninn kvaðst þó ekkert hafa rætt við ákærða umrætt sinn. Framburður brotápoli á sér einnig stoð í framburði lögreglumanns er kom á vettvang, sem bar fyrir dómi að ákærði hefði á vettvangi borið því við að hann hefði verið sendur þangað af N til að sækja mótórhjólið.

Við sönnunarmat á framburði ákærða annars vegar og brotaþola hins vegar verður ekki fram hjá því litið að framburður ákærða fyrir dómi var í verulegu ósamræmi við framburð hans hjá lögreglu auk þess sem hann á sér enga stoð í gögnum málsins eða framburði vitna. Framburður brotaþola aftur á mót á sér stoð í gögnum málsins, sem og framburði vitna líkt og áður greinir.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið IV og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða með því að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Ákæruliður V

Ákærða er í máli þessu einnig gefið að sök húsbrot með því að hafa miðvikudaginn 30. nóvember 2022 ruðst heimildarlaust inn í húsnæði Litlu Kaffistofunnar með því að spenna þar upp glugga, líkt og nánar greinir í ákæru.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist að framangreindum ákærulið verði vísað frá dómi með vísan til þess að ekki liggi fyrir að skilyrði 144. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála séu uppfyllt. Er sér í lagi vísað til þess að ekki liggi ljóst fyrir af gögnum málsins hver sé brotaþoli. Kvað verjandi Olís ehf. eiganda hússins en „brotaþoli“ sé leigutaki en ekki leigusali.

Samkvæmt gögnum málsins var þann 6. desember 2022 sett fram krafa af hálfu Olís ehf., þess efnis að sakamál yrði höfðað á hendur ákærða samkvæmt 144. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Telst skilyrði 144. gr. laganna því fullnægt og verður ekki fallist á kröfu um á þessum lið ákæru verði vísað frá dómi.

Ákærði hefur neitað sök og borið því við að hann hafi eingöngu farið þar inn til að ræsa þjófavarnarkerfið, þar sem hann hafi verið aðstoðar þurfi á bíl sem hann kom ekki í gang.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa verið á vettvangi umrætt sinn. Kvaðst hann hafa verið á leiðinni til Reykjavíkur en bifreið hans orðið bensínlaus. Kvaðst ákærði hafa spennt upp glugga og farið inn til að setja þjófavarnarkerfi í gang, en það hafi hann gert í þeim tilgangi að ræsa út öryggisvörð. Hafi hann eingöngu verið að reyna að fá aðstoð. Er framburður ákærða að þessu leyti í samræmi við framburð hans hjá lögreglu, þó þar hafi hann kveðið bifreið sína rafmagnslosa.

Á framangreindur framburður ákærða sér stoð í gögnum málsins, sem og framburði vitna, sem kváðu ákærða hafa borið með svipuðum hætti á vettvangi umrætt sinn, er vitnin, þ.e. öryggisvörður og lögregla, komu á vettvang.

Ljóst er að ákærði hefur fyrir dómi játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið V, en hann neitar þó sök og er af hans hálfu á því byggt að sýkna beri hann á grundvelli neyðarréttarsjónarmiða, enda hafi hann einungis verið að leita eftir aðstoð.

Ekki verður á það fallist með ákærða að neyðarréttarsjónarmið leysi hann undan refsíabýrgð, enda hefur ekkert komið fram við meðferð málsins er bendir til þess að honum hafi umrætt sinn verið slík hætta búin er réttlætti háttsemi hans.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Ákæruliður VI

Ákærða er í máli þessu einnig gefin að sök nytjastuldur og umferðarlagabrot þann 22. desember 2022, með því að hafa tekið bifreiðina [...] ófrjálstri hendi, ekið henni sviptur ökurétti og undir áhrifum fíkniefna sem og lyfja, meðal annars yfir Hellsheiði, þar sem hann hafi ekið án sérstakrar aðgæslu og nægjanlegs bils við framúrakstur utan í bifreiðina [...] og eigi sinnt skyldu vegfaranda við umferðaróhapp, allt líkt og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur neitað sök, hvað varðar hið ætlaða umferðaróhapp. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna til þess að hafa valdið tjóni á bifreið á ferð sinni umrætt sinn. Hann

kvaðst ekki muna til þess að hafa ekið fram úr bifreið enda langt um liðið. Er framburður ákærða hvað þetta varðar í samræmi við framburð hans hjá lögreglu.

Fyrir dómi bar farþegi í bifreið þeirri sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið utan í að hún hefði verið á leið austur Skíðaskálabrekku þegar sendiferðabifreið hafi komið upp að hlið bifreiðarinnar sem vitnið var í og ekið utan í hana, þannig að hliðarspegill brotnaði. Hafi ökumaður sendiferðarbifreiðarinnar ekið áfram en ekki stoppað og kvaðst vitnið hafa hringt á lögreglu. Hafi þau elt bifreiðina allt þar til lögregla stöðvaði akstur hennar og kvað vitnið ökulag hennar hafa verið mjög skrítið og rásandi.

Við sönnunarmat á framburði ákærða og framangreinds vitnis verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins styðja framburð vitnisins, það á meðal myndir af bifreiðum sem og lýsing í frumskýrslu lögreglu af myndstreymi frá tilkynnanda.

Að öllu framansögðu virtu er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Ákæruliður VII

Ákærða er í máli þessu gefin að sök eignaspjöll og fíkniefnalagabrot aðfaranótt 1. janúar 2023, með því að hafa brotið rúðu að [...] og hafa í vörslum sínum framangreind fíkniefni.

Ákærði hefur neitað sök hvað varðar eignaspjöll og borið því við að hann hafi ekki haft ásetning til eignaspjalla, heldur hafi hann rekist í rúðuna líkt og fram kom í framburði hans fyrir dómi.

Er framangreindur framburður ákærði fyrir dómi í samræmi við framburð hans hjá lögreglu, þar sem hann kvað rúðubrotið hafa komið til er hann sparkaði í skáphurð. Á framburður ákærða sér einnig að vissu leyti stoð í framburðum lögreglumanna á vettvangi, en annar þeirra kvaðst hafa séð rúðuna brotna en geti ekki borið um hvernig rúðubrotið hefði komið til, þar sem lögreglumadurinn var utandyra, en rúðan brotin innan frá.

Meðal gagna málsins er mynd sem tekin er af umræddri rúðu, bæði innan og utan frá séð. Á myndinni sem tekin er innan úr íbúðinni sést enginn skápur eða eftir atvikum skáphurð inni í forstofunni eða að öðru leyti í nálægð við hina brotnu rúðu. Verður því ekki lagður trúnaður á framburð ákærða hvað þetta varðar, enda á hann sér enga stoð í gögnum málsins, en aftur á móti þykir sannað að ákærði hafi vissulega brotið rúðuna.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hefur ákærði þannig unnið sér til refsingar.

Ákæruliður VIII

Með vísan til játningar ákærða telst sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið VIII og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákæruliður IX

Með vísan til játningar ákærða telst sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið IX og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákvörðun refsingar

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið fundinn sekur um öll þau brot sem honum eru gefin að sök í máli þessu. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði tuttugu sinnum áður sætt refsingu, fyrir ýmis brot. Þann 22. maí 2008 var ákærði fundinn sekur um stórfellda líkamsárás og honum gert að sæta fangelsi í fimm mánuði, en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið. Þann 17. nóvember 2009 var ákærði fundinn sekur um minniháttar líkamsárás, framangreindur skilorðsdómur dæmdur upp og ákærða gert að sæta fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar aftur frestað skilorðsbundið. Þann 10. janúar 2013 var ákærði fundinn sekur um fíkniefnalagabrot og honum gert að sæta fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið. Þá var ákærða dæmdur hegningarauki þann 9. janúar 2014 við síðastgreindan dóm, er hann var fundinn sekur um minniháttar líkamsárás og honum gert

að sæta fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið. Þann 4. júlí 2014 var ákærði fundinn sekur um umferðarlagabrot, þar með talin akstur undir áhrifum fíkniefna, sem og þjófnað. Var þá dæmdur upp síðastgreindur skilorðsdómur, ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu hluta refsingarinnar frestað skilorðsbundið. Var ákærða þá jafnframt gerð sekt og hann sviptur ökurétti tímabundið. Þann 25. september 2014 var ákærði fundinn sekur um fíkniefnalagabrot og honum gert að sæta fangelsi í 60 daga. Þann 5. maí 2015 var ákærði fundinn sekur um umferðarlagabrot, þar á meðal akstur sviptur ökurétti, sem og fíkniefnalagabrot og honum gerð sekt. Þann 18. júní sama ár var ákærða dæmdur hegningarauki og honum gerð sekt vegna aksturs sviptur ökurétti, aksturs undir áhrifum fíkniefna og fíkniefnalagabrot. Var hann þá jafnframt sviptur ökurétti tímabundið. Þann 8. október sama ár var ákærða dæmdur hegningarauki og honum gerð sekt vegna aksturs sviptur ökurétti. Þann 3. desember sama ár var ákærða gerð sekt vegna fíkniefnalagabrots. Þann 15. desember sama ár var ákærði fundinn sekur um skjlabrot og nytjastuld. Var þá dæmdur upp síðastgreindur skilorðsdómur og ákærða gert að sæta fangelsi í 60 daga. Þann 17. desember sama ár var ákærði fundinn sekur um akstur sviptur ökurétti, akstur undir áhrifum fíkniefna og hylmingu og honum gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði. Var hann þá jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Þann 9. desember 2016 var ákærði fundinn sekur um þjófnað sem og akstur sviptur ökurétti og honum gert að sæta fangelsi í 60 daga. Þann 18. september 2017 var ákærði fundinn sekur um þjófnað, akstur undir áhrifum fíkniefna, akstur sviptur ökurétti, fíkniefnalagabrot, skjlabrot og nytjastuld og honum gert að sæta fangelsi í sjö mánuði. Var þá áréttuð ævilöng svipting ökuréttar hans. Þann 9. apríl 2019 var ákærði fundinn sekur um akstur sviptur ökurétti, akstur undir áhrifum fíkniefna, nytjastuld, minniháttar líkamsárás og fíkniefnalagabrot og honum gert að sæta fangelsi í tólf mánuði. Var þá og áréttuð ævilöng svipting ökuréttar hans. Þann 1. ágúst sama ár hlaut ákærði dóm á Spáni vegna heimilisofbeldis, líkamsmeiðinga og slæmrar meðferðar og honum gert að inna af hendi 40 daga samfélagsþjónustu auk þess sem hann var sviptur skotvopnaleyfi tímabundið. Þann 27. maí 2020 var ákærði fundinn sekur um akstur sviptur ökurétti, nytjastuld og fjársvik. Var honum þá gert að sæta fangelsi í sex mánuði. Þann 14. október sama ár var ákærði fundinn sekur um skjlabrot, honum dæmdur hegningarauki við eldri dóm en ekki gerð sérstök refsing. Þann 10. september 2021 var ákærði fundinn sekur um lyfjaakstur, akstur undir áhrifum fíkniefna og akstur sviptur ökurétti. Var honum þá gert að sæta fangelsi í

fimm mánuði og enn áréttuð ævilöng svipting ökuréttar hans. Loks var ákærði þann 24. júlí 2023 fundinn sekur um þjófnað og fjársvik og honum gert að sæta fangelsi í átta mánuði, en þar var um að ræða hegningarauka við eldri dóm.

Brot þau sem ákærða eru gefin að sök í máli þessu eru öll framin fyrir uppkvaðningu síðastgreinds dóms og verður ákærða því nú dæmdur hegningarauki, með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er nú meðal annars fundinn sekur um akstur undir áhrifum fíkniefna og teljast þau brot hans nú, að virtum sjónarmiðum um hegningarauka, ítrekuð í fimmta sinn. Þá telst ákærða nú í sjöunda sinn gerð refsing vegna aksturs sviptur ökurétti.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir rétt að taka tillit til þess að langt er liðið síðan ákærði framdi öll þau brot sem mál þetta varðar. Þar að auki hefur ákærði að hluta til játað skýlaust þær sakir sem á hann eru bornar. Enn fremur kom fram við aðalmeðferð málsins að ákærði væri edrú og að vinna í því að koma skikki á líf sitt. Lögregla hefði ekki haft afskipti af honum frá því að hann lauk afplánun eftir mitt síðasta ár og væri hann nú í sambandi við barnsmóður sína. Þá báru [...] sem og [...] á sama veg fyrir dómi. [...] hans kvað samband þeirra aldrei hafa gengið jafn vel og ástandið á ákærða aldrei verið jafn gott. Verður tekið tillit til þessa við ákvörðun um lengd refsingar.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Að virtum sakaferli ákærða og með vísan til dómvenju þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna. Með vísan til 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal ákærði jafnframt greiða 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra daga frá birtingu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 10 daga. Með vísan til 99. og 101. gr., þó einkum 3. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, ber að árétta ævilanga sviptingu ökuréttar ákærða. Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur samkvæmt yfirlitum lögreglu samtals 1.015.484 krónur auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, sem eru hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts auk útlagðs kostnaðar vegna aksturs og ferða að fjárhæð 393.400 krónur. Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, eru gerð upptæk framangreind fíkniefni líkt og greinir í dómsorði.

Einkaréttarkröfur

Líkt og áður greinir var bótakröfu [...]. vísað frá dómi með úrskurði uppkveðnum þann 19. september síðastliðinn. Er krafan því ekki til frekari umfjöllunar í máli þessu.

Í ákæru er höfð uppi bótakrafa B vegna ákæruliðar II. Meðal gagna málsins liggur skjal með yfirskriftinni „Skaðabótakrafa“. Að mati dómsins uppfyllir framangreint skjal skilyrði 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008, um greinargerð kröfuhafa.

Í greinargerð kröfuhafa er krafa bótakrefjanda sundurliðuð þannig að 115.547 krónur séu vegna varahluta og 200.000 krónur vegna áætlaðs viðgerðarkostnaðar. Til stuðnings kröfu sinni hefur brotapolí lagt fram gögn frá Frumherja vegna skoðunar sem gerð var á bifreið hennar þann 26. júlí 2022. Þá liggur frammi skjal er ber með sér fjárhæð greiðslu vegna kaupa á varahlutum í bifreiðina. Í framburði brotapolá fyrir dómi kom fram að af akstri ákærða umrætt sinn hefði hlotist tjón á bifreið brotapolá, þannig að annað framdekkið var ónýtt auk þess sem eitthvað undir bifreiðinni hafi laskast. Kvaðst brotapolí hafa í kjölfarið farið með bifreiðina í viðgerð og sé bótakrafan byggð á kostnaði vegna þeirrar viðgerðar.

Ákærði hefur mótmælt framangreindri bótakröfu brotapolá og byggir á því að ósannað sé að ákærði hafi valdið tjóni á bifreið brotapolá auk þess sem gögn þau sem brotapolí leggur fram til stuðnings kröfu sinni séu óskýr og vont að sjá í hvaða samhengi þau eru lögð fram.

Ekki er til að dreifa gögnum vegna viðgerðarkostnaðar af ætluðum skemmdum á bifreið brotapolá, en gögn liggja frammi um tjón á bifreiðinni sem og kostnað vegna kaupa á varahlutum. Er viðgerðarkostnaður að mati dómsins óhjákvæmilegur og virtur að álitum með 100.000 krónum.

Telst að mati dómsins nægilega sannað að ákærði hafi með háttsemi sinni valdið tjóni á bifreið brotapolá og verður því fallist á að ákærði greiði B bætur að fjárhæð 215.547 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var kynnt ákærða þann 19. ágúst 2024, við birtingu ákæru og fyrirkalls.

C heldur uppi bótakröfu, að hluta ásamt eiginkonu sinni, vegna ákæruliðar IV. Meðal gagna málsins liggur skjal með yfirskriftinni „Kröfur brotþola vegna máls lögreglu nr. 318-2022-xxxxx“. Að mati dómsins uppfyllir framangreint skjal skilyrði 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008, um greinargerð kröfuhafa.

Í greinargerð er krafa bótakrefjenda sundurliðuð sem svo að krafa brotþolans C eins, að fjárhæð 458.388 krónur, sé tilkomin vegna tjóns á mótórhjólí brotþola, nánar tiltekið rispum á lakki, dæld á tanki, brotnu stefnuljósi og fleira. Kröfu þessari til stuðning leggur brotþoli fram samantekt frá AB Skálanum, þar sem tilgreindur er ætlaður kostnaður og viðgerð og varahlutum. Þá kemur fram í greinargerðinni að brotþolar, þ.e. C og eiginkona hans, jafnt persónulega sem og fyrir hönd [...], geri kröfu um miskabætur að fjárhæð 800.000 krónur vegna hvers þeirra um sig. Er hvað þá kröfu varðar vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum b. liðar 1. mgr. og á því byggt að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn frelsi og friði fjölskyldunnar og valdið þeim óþægindum og vanlíðan.

Ákærði hefur mótmælt framangreindri bótakröfu brotþola og byggir annars vegar á því að ekki hafi verið sýnt fram á að ákærði hafi valdið tjóni á mótórhjólí brotþola umrætt sinn, auk þess sem vera kunni að brotþoli hafi sjálfur átt sök á því með því að öskra á ákærða. Hins vegar er á því byggt að 26. gr. skaðabótalaga eigi ekki við í málinu, auk þess sem enginn gögn liggi fyrir um miska og ósannað sé að börn brotþola hafi komið út og hafi svo verið hafi það verið vegna öskra brotþola en ekki háttsemi ákærða. Þá kom og fram í málflutningi verjanda að brotþoli gæti starfs síns vegna átt von á því að verða fyrir ónæði auk þess sem fjölskyldur lögreglumanna byggju alltaf við óvissu og í þeim beygur vegna starfsins.

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að hann teldi framangreinda bótakröfu vera bull. Engar skemmdir hafi verið á hjólinu og hafi það dottið hafi það verið vegna þess að brotþoli réðst á ákærða á vettvangi. Í framburði brotþola C fyrir dómi kom fram að þegar vitnið kom að ákærða í bílskúrnum hafi vitnið öskrað á ákærða „hvað ertu að gera?“ og hafi ákærða brugðið. Hafi ákærði þó áfram reynt að koma mótórhjólínu í gang og út, en svo stökkið af stað og hlaupið burt og hjólið við það fallið á hliðina. Eftir að ákærði var komin í hendur lögreglu hafi brotþoli farið og skoðað hjólið og þá orðið þess

áskynja að nokkuð tjón hafi orðið á hjólinu, ákoma hafi verið á annarri hlið hjólsins og hafi vitnið látið meta það tjón. Enn fremur bar brotþoli fyrir dómi að eldri synir hans hafi orðið fyrir þónokkru áfalli við þetta, en fjölskyldan hafi öll komið út og séð hvað væri í gangi. [...].

Framburður brotþola hvað varðar hið ætlaða tjón á mótórhjóli hans á sér stoð í gögnum málsins, meðal annars framburði ákærða hjá lögreglu þar sem hann kvaðst reiðubúinn til að greiða fyrir mögulegt tjón sem gæti hafa hlotist þegar hjólið féll á hliðina, sem og í framburði lögreglumanns er kom á vettvang og myndum sem teknar voru á vettvangi.

Telst að mati dómsins nægilega sannað að ákærði hafi með háttsemi sinni valdið tjóni á mótórhjóli brotþola og verður því fallist á kröfu hans, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður á það fallist að ákærði hafi með háttsemi sinni gagnvart brotþola C og fjölskyldu hans, bakað sér bótaskyldu samkvæmt almennum skaðabótareglum og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með því að hafa valdið uppnámi á heimili þeirra með innbroti. Verður ekki fallist á að það leysi ákærða undan skaðabótaábyrgð hvað þetta varðar að brotþoli sé starfandi lögreglumaður og þannig sjálfur kallað yfir sig og fjölskyldu sína mögulegan miska af háttsemi ákærða. Er hæfilegt að ákærði greiði hverju þeirra fyrir sig 100.000 krónur í miskabætur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var kynnt ákærða þann 19. ágúst 2024 við birtingu ákæru og fyrirkalls. Þá skal ákærði greiða brotþolum hverjum fyrir sig 100.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gunnþórsson, sæti fangelsi í níu mánuði.

Ákærði greiði jafnframt 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins samtals að fjárhæð 3.208.884 krónur, þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, 1.800.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og annan útlagðan kostnað verjanda að fjárhæð 393.400 krónur,

Gerð eru upptæk 6,02 g af amfetamíni og 0,28 g af kókaíni, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 50683.

Ákærði greiði brotþola, B, 215.547 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 26. júlí 2022 til 19. september 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola, C, skaðabætur að fjárhæð 458.388 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. nóvember 2022 til 19. september 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola, B og bótakrefjanda D, persónulega og fyrir hönd sona sinna, E, F og G, hverju fyrir sig miskabætur að fjárhæð 100.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 19. september 2024 til greiðsludags.

Ákærði greiði C, D, E, F og G hverju fyrir sig málskostnað að fjárhæð 100.000 krónur.

Einar Karl Hallvarðsson